

Til allra sveitarstjórna

Reykjavík 30. janúar 2024

1503002LA ÓG  
Málalykill:711

**Efni: Auglýsing eftir framboðum í stjórn Láнасjóðs sveitarfélaga**

Stjórn Láнасjóðs sveitarfélaga hefur skipað kjörnefnd til undirbúnings kjörs stjórnar og varastjórnar á aðalfundi sjóðsins. Kjörnefnd skipa Magnús B. Jónsson, formaður, Rósa Guðbjartsdóttir og Þórdís Lóa Þórhallsdóttir. Áformað er að halda aðalfund félagsins þann 14. mars næstkomandi í Hörpu í Reykjavík. Kjörnefnd mun taka við og fara yfir framboð til stjórnar og varastjórnar og gera tillögu til aðalfundar.

Um framboð og kjör til stjórnar gilda hlutafélagalög nr. 2/1995, og lög um fjármálafyrirtæki 161/2002. Jafnframt er farið að leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja ([www.leidbeiningar.is](http://www.leidbeiningar.is)) að eins miklu leyti og unnt er.

Kjörnefnd óskar eftir að tilnefningar og/eða framboð sé send í síðasta lagi á kl 12:00 á hádegi miðvikudaginn 21. febrúar nk. til Magnúsar B. Jónssonar formanns nefndarinnar, [mbjorn@simnet.is](mailto:mbjorn@simnet.is). Framboðum þurfa að fylgja upplýsingar svo kjörnefnd geti tekið afstöðu til þekkingar, reynslu og almenns hæfis frambjóðenda.

Upplýsingar um tillögur kjörnefndar verða birtar á heimasíðu Láнасjóðsins um leið og unnt er, í síðasta lagi tveimur vikum fyrir aðalfund á slóðinni [www.lanasjodur.is/kjornefnd-2024](http://www.lanasjodur.is/kjornefnd-2024).

Kjörnefnd óskar eftir að sveitarstjórnarmönnum sé kynnt innihald bréfs þessa eins fljótt og unnt er til að áhugasömum gefist tími til að skila inn tilnefningum og/eða framboðum.

Virðingarfyllst fh. kjörnefndar  
LÁNASJÓÐUR SVEITARFÉLAGA



Óttar Guðjónsson